

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ:

*Deiliskipulag Vesturhverfis – Miðbraut 28.*

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar að Miðbraut 28, þar sem byggingarreitur fyrir bílageymslu á lóðarmörkum er felldur niður og leyfilegt nýtingarhlutfall hefur verið aukið úr 0,50 í 0,55.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Seltjarnarnesi, 3. nóvember 2016.*

**Ásgerður Halldórsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. nóvember 2016